

ÖLDRUNARRÁÐ ÍSLANDS



Öldrunarráð Íslands

Ársskýrsla

Starfsárið 2011-2012



INNGANGUR AÐ ÁRSSKÝRSLU

Hér er komin ársskýrsla Öldrunarráðs Íslands en stjórn ráðsins hefur ákveðið að endurvekja þann góða sið að gefa út formlega ársskýrslu eftir hvert starfsári.

Fjallað er um helstu þætti í starfinu á árinu 2011-2012 sem vonandi gefa lesendum góða innsýn í starf Öldrunarráðs Íslands. Til frekari upplýsinga skal bent á heimasíðu Öldrunarráðs, oldrunarrad.is

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum, félagsaðilum og öðrum sem tekið hafa þátt í starfi Öldrunarráðs, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu 2011-2012.

Pétur Magnússon,
formaður Öldurnarráðs Íslands

AÐALFUNDUR ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2012

Miðvikudaginn 23. maí 2012
Kl 14:00
Húsnæði Öryggismiðstöðvarinnar,
Askarlind 1, Kópavogi

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf, meðal annars tillögur stjórnar að lagabreytingum.
2. Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs fyrir störf að málefnum aldraðra
3. Önnur mál
4. Erindi frá gestum fundarins:

Guðrún Dadda Ásmundsdóttir iðjuþjálfi fjallar um þann mikla „öryggisheim“ sem er í boði fyrir aldraða; öryggishnappar, tæki og tól – og framtíðarsýn.

Helga Atladóttir hjúkrunarforstjóri segir frá mjög athyglisverðum niðurstöðum rannsóknar sinnar á heilsufari og færni aldraðra með einkenni heilabilunar á hjúkrunardeildum á Íslandi og gæðum þeirrar hjúkrunar sem þeir njóta.

Kaffiveitingar



Ólrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík

Sími: 585 9502 ■ margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

STJÓRN ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2011-2012

Pétur Magnússon

petur.magnusson@hrafnista.is
GSM: 841 1600
Vinnusími: 585 9500

Berglind Magnúsdóttir

berglind.magnusdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3175
Vinnusími: 411 9600

Dagmar Huld Matthíasdóttir

dagmar@sunnuhlid.is
GSM: 894 4128
Vinnusími: 560 4163

Aðalbjörg Traustadóttir

adalbjorg.traustadottir@reykjavik.is
GSM: 664 7760
Vinnusími: 411 1500

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

gudlaugjona@arborg.is
GSM: 898 5492
Vinnusími: 480 1900

Helgi K. Hjálmsisson

helgihj@centrum.is
GSM: 892 4802
Heimasími: 565 6968

Ingibjörg Þórisdóttir

ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3176/893 5135
Vinnusími: 411 9600

Jón H. Magnússon

jonh@sa.is
GSM: 821 0018
Vinnusími: 591 0000

Linda Baldursdóttir

linda@hlif.is
GSM: 898 5307
Vinnusími: 510 0802

Margrét Guðmundsdóttir

margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

formaður

frá Sjómannadagsráði
Hrafnista
Laugarási, 104 Reykjavík

varaformaður

frá Sálfræðingafélagi Íslands
Heimaþjónusta Reykjavíkur - heimahjúkrun
Álfabakka 16, 109 Reykjavík

gjaldkeri

frá Sunnuhlíð
Sunnuhlíð hjúkrunarheimili
Kópavogsbraut 1C, 200 Kópavogur

ritari

frá Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Síðumúli 39, 108 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Sveitarféluginu Árborg
Sveitarfélagið Árborg - Fjölskyldumiðstöð
Grænumörk 5, 800 Selfoss

meðstjórnandi

frá Landssambandi eldri borgara
Heimilisfang:
Smáraflót 24, 210 Garðabæ

meðstjórnandi

frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
Heimaþjónusta Reykjavíkur
Álfabakka 16, 112 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Samtökum atvinnulífsins
Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Alþýðusambandi Íslands
Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjarvíkurvegi 64, 220 Hafnarfjörður

starfsmaður Öldrunarráðs Íslands

Sími: 585 9502

Aðildarfélög Öldrunarráðs Íslands 2011-2012

Akureyrarkaupstaður	Grund, dvalar- og	Sálfræðingafélag Íslands
Alþýðusamband Íslands	hjúkrunarheimili	Sjómannndagsráð/Hrafnista
Bandalag kvenna í	Hafnafjarðarkaupstaður	Skjól, hjúkrunarheimili
Reykjavík	Kópavogsþær	Sunnuhlíð,
Biskupsstofa	Kvenfélagasamband	hjúkrunarheimili
Blindrafélagið	Íslands	Sveitarfélagið Árborg
Bændasamtök Íslands	Landsamband eldri	Sveitarfélagið Skagafjörður
Dvalarheimilið Ás	borgara	Tryggingastofnun ríkisins
Félag aðstandenda	Landssamtök lífeyrissjóða	Velferðarsvið
Alzheimersjúkra (FAAS)	Rauði Kross Íslands	Reykjavíkurborgar
Félag íslenskra	Samband íslenskra	Öldrunarfræðafélag
hjúkrunarfræðinga	sveitarfélaga	Íslands
Félag stjórnenda í	Samtök atvinnulífsins	Öryrkjabandalag Íslands
öldrunarþjónustu	Samtök starfsmanna	
Garðabær	fjármálfyrirtækja	

HELSTU ATRIÐI ÚR STARFI ÖLDRUNARRÁÐS 2012

Viðurkenning Öldrunarráðs 2011

Öldrunarráð Íslands (ÖÍ) veitti í maí árið 2011, Maríu Theodóru Jónsdóttur, fyrrverandi formanni Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma, FAAS, viðurkenningu fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu aldraðra. María Theodóra var formaður FAAS í 15 ár, frá 1995 til 2010. Hún var meðal stofnfélaga og sat í stjórn félagsins í mörg ár áður en hún tók við formennsku. Á formennskuárum hennar óx starfsemi félagsins mikið, að miklu leyti vegna atorku hennar og elju. Í störfum sínum fyrir félagið lagði María m.a. mikla áherslu á vægi mannuðs og kærleika í þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.



Markmið Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma er m.a. að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, efla samvinnu og samheldni aðstandenda, m.a. með fræðslufundum og útgáfustarfsemi, og ekki síst með því að stuðla að auknum skilningi stjórnvalda á hverjum tíma, heilbrigðisséttu og almennings á þeim vandamálum sem þeir sem bjást vegna sjúkdómannna eiga við að etja. Skrifstofa og aðstaða Maríu sem formanns FAAS var heimili hennar, eða þar til 2009 er skrifstofan flutti í Hátún 10. María svaraði í síma félagsins, veitti ráðgjöf, bauð fólk í heim til sín í viðtöl, hélt utan um sjálfboðaliða, sinni sambandi félagsins við stjórnvöld, hélt utanum sölu minningakorta, var ritstjóri fréttablaðs FAAS og var afar ötull talsmaður. Öll þessi störf vann María í sjálfboðavinnu.

María beitti sér m.a. fyrir stofnun sérstakra dagþjáfununardeilda fyrir heilabilaða, sem að miklu leyti starfa eftir hennar hugmyndafræði. Heilabilaðir þurfa sér dagþjáfun þar sem þarfir þeirra grundvallast af vitrænni og líkamlegri þjálfun, umvefjandi umhyggju og hlýju á deildum þar sem bæði heimilisfólk og starfsfólk líður eins og heima. Með aðgangi sjúklinga að dagþjáfunum lengist sá tími sem þeir geta búið á eingin heimilum og lífsgæði þeirra aukast, einnig léttir það undir með mökum og aðstandendum og hjálpar þeim við að takast á við aðsteðjandi vandamál.

FAAS rekur þrjár dagþálfunardeildir í samvinnu við sveitarfélög og á daggjöldum frá ríkinu. Fyrst var Fríðuhús opnað, síðan bættust Drafnarhús og Maríuhús við. FAAS hefur undir stjórn Maríu hvatt önnur sveitarfélög til að opna dagþálfanir fyrir heilabilaða og hafa slíkar tekið til starfa í Reykjanesbæ og á Selfossi, auk þess sem dagdeildir eru í Hlíðarbæ, Roðasöldum, Vitatorgi og á Eir.

María Theodóra Jónsdóttir, sem fædd er 1938, vann í 6 ár í Hlíðarbæ við virknibjálfun aldraðra, aðallega handavinnu, söng ofl. Hún þekkir vel til Alzheimersjúkdómsins því móðir Maríu fékk sjúkdóminn og bjó hún lengst af á heimili Maríu. Þegar léttist um hóf María að starfa meira að félagsmálum innan FAAS, en síðar greindist eiginmaður hennar með sama sjúkdóm og bjó hún honum öruggt skjól á heimili þeirra svo lengi sem mögulegt var.

Fundir stjórnar og lagabreytingar

Líkt og á síðasta starfsári ákvað stjórnin að hefja veturinn á því að halda stefnumótunarfund og var hann haldinn í Skálholti að þessu sinni. Þar er friður og ró og áttu þátttakendur þar góðan tíma til að ræða málin.

- Markmið og hlutverk skoðuð og rædd
- Fróðlegar umræður – mjög ólk sjónarhorn
- Hvernig á að haga starfinu til að uppfylla sem best hvert markmið fyrir sig?
- Skipulagning helstu þáttu starfsársins
- Tillögur að lagabreytingum ræddar

Auk stefnumótunarfundar, fundaði stjórn Öldrunarráðs alls 8 sinnum á starfsárinu. Á starfsárinu hélt stjórnin m.a. áfram þeirri skemmtilegu hefð að heimsækja nokkur aðildarfélög. Einnig má nefna að ein afurða stefnumótunarfundarins í Skálholti var að ráðist yrði í að uppfæra lög Öldrunarráðs og aðlaga betur að nútímanum.

Jón H. Magnússon, lögfræðingur og stjórnarmaður, var fenginn til að leiða þá vinnu en tillögur að lagabreytingum verða lagðar fyrir aðalfundinn 2012 og eru kynntar á öðrum stað hér í skýrslunni.

Styrkir Rannsóknasjóðs Öldrunarráðs

Stjórn Öldrunarráðs Íslands veitti í nóvember 2011 þremur aðilum rannsóknarstyrki úr styrktarsjóði ráðsins vegna rannsókna í öldrunarmálum.

Öldrunarráð veitir árlega styrki til rannsókna í málaflokknum og fór afhending þeirra að þessu sinni fram á Hrafnistu í Reykjavík.



- Dr. Ársæll Arnarsson, prófessor við Háskólanum á Akureyri og Erasmus-prófessor við taugafræðideild Sahlgrenska Háskólasjúkrahússins í Gautaborg, fékk rannsóknastyrk að upphæð 300 hundruð þúsund krónur úr Rannsóknarsjóði Öldrunarráðs Íslands. Styrkir fær Ársæll vegna rannsóknar sinnar tengslum lyfjanotkunar aldraðra við aldursbundna hrörnun í sjónhimnu, sem er algengasta ástæða blindu í hinum vestræna heimi.
- Elísabet Þórðardóttir sálfræðingur fékk styrk að upphæð 200 þúsund krónur í tengslum við mastersverkefni sitt í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Verkefni Elísabetar er hluti samnorða rannsóknar, sem hefur að markmiði að kanna meðal aldraðra samband persónuleika og hættu á þunglyndi.

- Laufey Jónsdóttir fékk styrk að upphæð 100 þúsund krónur til að framkvæma rannsókn, sem tengist þjónustu við aldraða á Íslandi. Laufey er þroskaþjálfi að mennt og stundar nám í opinberri stjórnsýslu og öldrunarþjónustu við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þá strauma og stefnur sem öldrunarheimilin starfa eftir við úrfærslu á einkalífi og virðingu íbúa og hvort samræmdar reglur gildi við útfærsluna. Markmiðið er enn fremur að kortleggja þekkingu starfsfólks öldrunarheimila á þeim aðferðum sem leiða til aukins einkalífs íbúa og að lokum að kanna þörf starfsmanna fyrir fræðslu um þá þætti sem leiða til aukins sjálfraðis og einkalífs íbúanna.

Um Rannsóknasjóð Öldrunarráðs Íslands

Sjóðurinn hefur verið starfræktur um langt skeið en aðalhvatamaður að stofnun hans var Gísli heitinn Sigurbjörnsson, forstjóri hjúkrunarheimilisins Grundar. Rannsóknasjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á rannsóknum í öldrunarmálum á Íslandi auk sérstakra verkefna annarra í málaflokknum, sem stjórn sjóðsins metur til þess fallin hverju sinni.

Heimasíða tekin í notkun

Í desember hleypti Öldrunarráð af stokkunum nýrri heimasíðu samtakanna, oldrunarrad.is. Ráðið hefur ekki átt formlega heimasíðu áður en stjórn taldi hana nauðsynlega svo auka mætti sýnileika ráðsins og hafa grunnupplýsingar á aðgengilegu formi. Lagt var upp með að heimasíðan væri einföld, aðgengileg og þyrfi ekki að uppfæra oft. Er það mat manna að vel hafi tekist til.

Ráðstefna um virkni á efri árum og samstöðu kynslóða

Miðvikudaginn 14. mars 2011 fór fram ráðstefnan „Virkni á efri árum – samband og samstaða milli kynslóða“ sem á fjórða hundrað manns sóttu.

Evrópusambandið tileinkar árið 2012 öldruðum; virkni á efri árum og samstöðu milli kynslóða (e. European Year for Active Ageing and Solidarity between Generations). Vegna þessa var ráðstefnan haldin. Ráðstefnan var liður í þátttöku Íslands í verkefnum og viðburðum sem tengjast Evrópuárinu 2012 og stóðu velferðarráðuneytið, Landssamband eldri borgara og Öldrunarráð Íslands sameiginlega að ráðstefnuhaldinu.

Framsögumenn komu víða við í erindum sínum en á ráðstefnunni tók til málს ungt fólk og ræddi málín út frá sjónarhóli yngri kynslóða og eldri borgarar frá sínum sjónarhóli. Einnig voru kynntar niðurstöður tveggja rannsókna, annars vegar á framlagi eldri borgara til samfélagsins og hins vegar á virkni og þátttöku eldri borgara í samfélaginu.

„Mér finnst það nú ekki alveg passa að eldra fólk sé ekki tæknivætt þar sem langafi minn til dæmis, sem er orðinn 88 ára, á gsm síma, tölvu og var að kaupa sér iPad spjaldtölvu fyrir ekki svo löngu. Hann er núna eins og unglungur á fullu í iPadinum, alltaf að fá sér eithvað nýtt App sem eru forrit í spjaldtölvuna,“ sagði **Matthildur María Guðmundsdóttir** háskólanemi og fulltrúi ungu kynslóðarinnar sem tók til málს á ráðstefnunni. „Svo á ég ömmu sem er 76 ára og er á kafi í félagsmálum. Hún vinnur allt á tölvur, er á fullu í tölvupósti, leitar að upplýsingum á Netinu, er með MSN og hún hefur ekki tíma fyrir Facebook því það er allt of mikið að gera hjá henni.“



Það var létt yfir **Guðrúnu Pétursdóttur**, framkvæmdastjóra Stofnunar Sæmundar fróða, þegar hún ræddi að hafa verið boðið að tala á ráðstefnu sem fulltrúi eldri kynslóðarinnar:
„Þetta eru tímamót! Hingað til hef ég litið í spegil og séð gráu hárin, en aldrei sett þau í samband við neitt – nema að það er ekki eins dýrt að fara í hárgreiðslu eftir að strípurnar komu af sjálfu sér.

Ég hef hreinlega ekki tengt þær við aldur! Kannski er einn galdur við að brúa kynslóðabil einmitt í þessu fólginn – að sjá ekki bilið.“

Séra **Bernharður Guðmundsson** velti fyrir sér hvað það er að vera virkur: „Ég er ekki viss um að skilgreining okkar hinna eldri rími alveg við virknishugtak miðalda fólksins. Þá á yfirleitt að drífa í hlutunum, fara þangað, vera þar sem fjörið er. Vissulega vilja mörg okkar drífa í hlutunum, vera virk – en á okkar eigin forsendum, í okkar eigin takti. Það er virkni að njóta kyrrðar, njóta útsýnis, horfa á Esjuna síbreytilega, njóta samveru við gamla vini og þó sérstaklega við fjölskylduna. Njóta lífsins, minninganna...“

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur flutti í lok ráðstefnunnar erindi sem hann nefndi **Við þurfum á hvert öðru að halda** og sagði meðal annars: „Stundum láta Íslendingar eins og börn og gamalt fólk og aðrir þeir sem ekki eru virkir á vinnumarkaði eins og kallað er, séu fremur vandamál en verðmæti; fólk sem koma þurfi fyrir einhvers staðar og með einhverjum ráðum, þar sem það er ekki fyrir vinnandi fólk. Stundum virka almestu dugnaðarforkarnir á mig eins og fólk sem er beinlínis á harðahlaupum undan börnunum sínum og foreldrum sínum og sínu eigin lífi, þeir flýja inn í vinnuna sína til þess að þurfa ekki að takast á við eigið líf, þurfa ekki að hitta sjálfa sig.“

Ráðstefnan þótti takast einkar vel og fóru gestir heim ánægðir eftir uppbyggilegar samræður, kaffisopa og nokkrar kleinur. (texti fengin að láni af heimasíðu Velferðarráðuneytis).



Evrópuár um **virkni aldraðra**
og samstöðu kynslóða 2012



Virkni á efri árum

– samband og samstaða milli kynslóða

DAGSKRÁ

- 13:00 Litlu snillingarnir og gömlu meistararnir
Kynslóðir maetast i söng
 - 13:10 Setning: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
formaður Landssambands eldri borgara
 - 13:20 Ávarp: Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra
 - 13:35 Sjónarhóll eldri kynslóða Guðrún Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða
og sr. Bernharður Guðmundsson, fv. Skálholtsrektor
 - 13:55 Sjónarhóll yngri kynslóða Matthildur María
Guðmundsdóttir háskólanemi og Niels Thibaud Girerd,
Nilli úr Týndu kynslóðinni
 - 14:15 „Það er alltaf opíð hús fyrir þau...“ Niðurstöður rann-
sóknar á framlagi eldri borgara til samfélagsins. Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor við Menntavísindasvið Hi
 - 14:35 Kaffihlé – þáttakendum boðið upp á kaffi og kleinur
 - 15:00 Kynslóðir maetast í tónlistariðkun Ragnar Bjarnason
söngvari og Erpur Eyvindarson rappari
 - 15:10 Báttnata í þjóðfélagi – virkni eldri borgara.
Niðurstöður rannsóknar. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
forstöðumaður Félagsvisindastofnunar Hi
 - 15:30 Við þurfum á hvert öðru að halda
Guðmundur Andri Thorsson rithófundur
 - 15:45 Lokaorð frá Pétri Magnússyni ráðstefnustjóra
- Ráðstefnustjóri: Pétur Magnússon,
formaður Öldrunarráðs Íslands

RÁÐSTEFNA

Grand hótél Reykjavík
miðvikudaginn 14. mars 2012
kl. 13:00-16:00



Aðgangur ókeypis
allir velkomnir



VELFERÐARRÁÐUNEYTID



LEB
Landssamband
eldri borgara



Öldrunarráð Íslands

Ráðstefna um framtíð lífeyrismála á Íslandi

Mánudaginn 21. maí s.l. stóð Öldrunarráð fyrir ráðstefnu um framtíð lífeyrismála á Íslandi. Ráðstefnan var haldinn í samvinnu við þrjú aðildarfélög Öldrunarráðs; Landssamtök lífeyrissjóða, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Rúmlega 150 manns mættu og heppnaðist ráðstefnan vel. Hún fékk mikla athygli fjölmölda sem fjallað hafa töluvert um ýmis atriði sem þar komu fram.

RÁÐSTEFNA • GRAND HÓTEL REYKJAVÍK • mánudagur 21. maí 2012 • kl 13:00-16:00

Framtíð lífeyrismála á Íslandi

DAGSKRÁ:

- 13:00 Setning: Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs Íslands
13:10 **Uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins**
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
13:40 **Lífeyrismál frá sjónarhorni vinnumarkaðarins.**
Gylfi Arnþjörnsson, forseti ASÍ
14:00 **Samspil lífeyrissjóða og almannatryggingakerfisins;**
horft til framtíðar.
Árni Gunnarsson, formaður nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins
14:20 Kaffihlé
14:50 **Allt er gott sem endar vel.**
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins
15:10 **Er framtíðin björt eða svört?**
Ásmundur Stefánsson, löggiltur ellilífeyrisþegi
15:30 Pallborðsumræður framsögumanna
16.00 Ráðstefnuslit
Ráðstefnustjóri: Rannveig Guðmundsdóttir,
formaður Samstarfsnefndar um málefni aldraðra og fv. ráðherra



ALLIR VELKOMNIR – AÐGANGUR ÓKEYPIS



Yfirlit á málauflokkum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga

Öldrunarráð Íslands á einn fulltrúa í nefnd um flutning öldrunarþjónustu til sveitarfélaga, Berglindi Magnúsdóttur varaformann ÖÍ. Þeir sem eiga fulltrúa í nefndinni eru aðilar frá fjármálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti, sjúkratryggingum, tveir frá Landsambandini eldri borgara, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, samstarfsnefnd um málefni aldraðra, Eflingu, SFR og Sjúkraliðafélag Íslands, og Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga. Bolli Þór Bollason er formaður nefndarinnar og hefur nefndin fundað fjórum sinnum síðan í lok nóvember 2011.

Nefndin hefur farið í gegnum greinargerð um tilfærsluna sem unnin var fyrir verkefnið og í kjölfar þess hafa skapast umræður um hvað beri helst að hafa í huga við yfirlitáðuneyti. Má í því sambandi nefna reynslu sveitarfélaga af flutningi málauflokks fatlaðra, skort á þjónustusamningi við flest hjúkrunarheimili, réttar kostnaðartölur vegna heimahjúkrunar utan Reykjavík.

Staðan á verkefni nefndarinnar, nú í byrjun sumars, er sú að samkomulag hefur náðst um lýsingum á framkvæmd einstakra verkefna og eru þau 8 talsins. Þegar hefur verið skipað í 4-6 starfshópa en hver starfshópur á að fylla um og skila skýrslu um eitt verkefni. Verkefnin átta eru:

1. Umfang og kostnaður núverandi þjónustu
2. Þörf fyrir öldrunarþjónustu, mat og þróskuldur inn í þjónustu
3. Greiðslur aldraðra
4. Fyrirkomulag og fjármögnum fasteigna
5. Heildstætt kosnaðarmat
6. Tekjutilfærsla og jöfnunaraðgerðir
7. Gæði og eftirlit með öldrunarþjónustu
8. Samningar við sjálfstæða aðila

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, en samkvæmt greininni skipar ráðherra fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru að vera velferðarráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra, vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra og stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

Aðalmenn

- Rannveig Guðmundsdóttir, skipuð af velferðarráðherra, formaður
- Ólafur Þór Gunnarsson, skipaður af velferðarráðherra
- Unnar Stefánsson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Ragnheiður Hergeirsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Pétur Magnússon, tiln. af Öldrunarráði Íslands

Varamenn

- Sigrún Stefánsdóttir, skipuð af velferðarráðherra
- Ólafur Kr. Valdimarsson, skipaður af velferðarráðherra
- Helgi K. Hjálmsisson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Aðalsteinn Sigfússon, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Berglind Magnúsdóttir, tiln. af Öldrunarráði Íslands

Ritari

- Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, u.p.b. 8 fundir á ári.

Fundarefni undanfarið eru t.d.:

- Framkvæmasjóður aldraðra: umræður um fjárhagss töðu sjóðsins, umsóknarferlið, endurskoðun á lögum sjóðsins og ekki síst yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.
- Heimsóknir á hjúkrunarheimili; aðstæður og aðbúnaður skoðaður, bæði ný og gömul heimili.
- Heimsóknir gesta frá ýmsum stofnunum sem tengjast öldrunarmálum: Landlækni, TR o.fl.
- Aukin áhersla að kynna sér nýjungar og koma með tillögur til ráðherra að fyrra bragði
- Almennar umræður um öldrunarmál og ýmislegt í tengslum við þau í þjóðfélaginu.

Í apríl úthlutaði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2012 í samræmi við tillögur stjórnar sjóðsins. Úthlutað var fé til framkvæmda á níu dvalar- og hjúkrunarheimilum sem stuðla að bættum aðbúnaði aldraðra, samtals um 150 milljónum króna. Hæsta úthlutunin, 120 milljónir króna, rennur til verulegra breytinga og endurbóta á dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra í Borgarbyggð. Unnið verður að þeim framkvæmdum samhlíða opnun nýrrar hjúkrunarálmu sem þar er í byggingu. Verkefni á öðrum heimilum sem fá framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru smærri í sniðum en varða einnig ýmis konar endurbætur og breytingar á húsnæði.

Auglýst var eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum í byrjun janúar á þessu ári og rann umsóknarfrestur út 1. febrúar.

Erlend samskipti

Nú eru fimm ár liðin síðan Norræna ráðherranefndin setti á laggirnar starfshóp sem fjalla skyldi um aðstæður eldra fólks á vinnumarkaði, virkni þess og möguleika á símenntun. Einn fulltrúi var tilkallaður frá hverju Norðurlandanna og var Pétur Magnússon tilnefndur af Öldrunarráði Íslands í tengslum við Fræðslumiðstöð atvinnuveganna sem fulltrúi Íslands.

Hópurinn hefur unnið tvær skýrslur. Hin fyrri er könnun á líðan eldra fólks og viðhorfum á vinnumarkaði, viðhorfum samfélagsins til þeirra og áhuga þeirra og möguleika á símenntun. Gefin var út myndarleg skýrsla á ensku: Active Learning and Ageing at Work og einnig úrdrættir á Norðurlandamálunum. Sá íslenski heitir: Að menntast og eldast með virkum hætti í vinnunni. Seinni skýrslan greinir frá könnun sem starfshópurinn gerði meðal aðila vinnumarkaðarins, um stefnumótun, viðhorf og framkvæmd varðandi símenntun eldri starfsmanna. Skýrslan sem kom út árið 2011 ber heitið: Social Partners: out with early exit, in with lifelong learning and career development. Hún sýnir að mjög er áfátt um slíka stefnumótun, hinsvegar hafi könnunin vakið mikinn áhuga og umræður á málefni.

Fram til þessa hefur það verið eitt af baráttumálum verkalyðshreyfingarinnar að færa niður eftirlaunaaldurinn. Hinsvegar sýna skýrslurnar að margt eldra fólk vildi gjarnan vinna lengur en lögböðið er, enda er heilsa fólks og lífslíkur breyttar frá því sem áður var. Skýrslurnar sýna þó fyrst og fremst að eldra starfsfólk vill eiga val, ráða því sjálft hvernig og hvenær unnið er sé vinna í boði. Margir vilja vinna hlutastörf um tíma til þess að geta betur sinnt öldruðum foreldrum og barnabörnunum.

Þessar skýrslur hafa báðar verið kynntar fyrir aðilum vinnumarkaðarins í löndunum og hafa orðið uppsprettu tímaritsgreina og einnig erinda og umræðna á ráðstefnum. Í báðum skýrslunum er gerð grein fyrir aðstæðum vinnumarkaðarins á Íslandi sem og öðrum Norðurlandanna. Skýrslurnar byggja á all umfangsmikilli vinnu í hverju landanna, bæði við

staðreyndakönnun og ritun textans, sem hefur að meginstofni farið fram rafrænt en hópurinn fundaði árlega og stundum oftar. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hittist síðar á þessu ári og ljúki störfum sínum.

Umsagnir um þingmál

Eitt af hlutverkum Öldrunarráðs er að veita umsagnir um þingmál sem eru í farvatninu á Alþingi. Á þessu starfsári bárust ráðinu fjögur mál til umsagnar, til dæmis tillaga til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni og tillaga til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir.

Gerð heilbrigðisáætlunar

Um þessar mundir fer fram undirbúningur að nýrri heilbrigðisáætlun í velferðarráðuneytinu sem taka á við af heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Í nýrri heilbrigðisáætlun verður sett fram framtíðarsýn í heilbrigðismálum landsmanna og aðgerðaáætlun til ársins 2015. Hún mun m.a. byggja á þeirri stefnumótun sem fyrir liggar í málaflokknum, alþjóðlegri þróun heilbrigðismála svo og nýrri þekkingu. Unnið hefur verið að undirbúningi síðstu misseri.

Lögð hefur verið rík áhersla á samráð við gerð markmiða áætlunarinnar þannig að um hana náist góð samstaða og að hún komi að þeim notum sem til er ætlast. Vegna þessa voru haldnir vinnufundir þann 9. mars sl. með fjölmennum hópi fólks sem hefur yfirsýn og þekkingu á þeim málaflokkum sem heilbrigðisáætlun er ætlað að ná til. Öldrunarráði var boðið að senda fulltrúa og var Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur fulltrúi ráðsins í vinnuhóp um geð- og taugasjúkdóma.

LÖG ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

Endurskrifuð og breytt á aðalfundi 23.maí 2012

1.gr.

Aðilar sem vinna að málefnum láta sig málefni aldraðra varða mynda Öldrunarráð Íslands. Heimili þess er og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr.

Markmið Öldrunarráðs er að bæta lifsaðstöðulífsgæði og stöðu aldraðra. Tilgangi sínum hyggst ráðið m.a. ná með

því m.a.-að:

- a) vinnastuðla að samræmdri stefnugrundvallarstefnu í málefnum aldraðra og framkvæmdframgangi hennar.
- b) koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á.
- c) standa að ráðstefnum og námskeiðum og beita sér fyrir almennri upplýsinga- og fraðslustarfsemi um málefni aldraðra.
- d) efla rannsóknir þoldunarmálum varðandi málefni aldraðra með starfsemi sérstaks rannsóknarsjóðs, en

um hann fjallargildir sérstök skipulagsskrá.

- e) veita aðilum sínum aðstoðaðstoða aðila sína við skipulagninguskipulag verkefna og framkvæmd

f. Veita árlega viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka fyrir framúrskarandi mál, starf eða verkefni í þágu málefnis aldraðra.

g) annast samskipti við tengda aðila erlendis.

3.gr.

AðildarAðilar að Öldrunarráði Íslands geta orðið:

- I) landssamtök er vinna m.a. að bættum kjörum Opinberir aðilar og aðrir beir aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða,
- II) stofnanir sem vinna að öldrunarmálum og
- III) félög og samtök sem á einhvern hátt snerta málefni aldraðra.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands afgreiðir aðildarumsóknir.

4.gr.

Styrktarfélagar geta orðið einstaklingar og félög sem ekki falla undir ákvæði 3.gr. eg sendist þeim sömu gögn og aðilum. Þeir eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti.

5.gr.

Árgjöld til ráðsins greiða aðilar í einhverjum eftirtalinna flokka:

- a) gjöld er veita rétt til þriggja fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- b) gjöld er veita rétt til eins fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- c) gjöld styrktarfélaga ~~sem aðalfund en þá sem atkvæðisrétt hafasamkvæmt ákvörðun~~
aðalfundar.

Aðilar að Öldrunarráði geta sent fleiri á aðalfund en þá sem atkvæðisrétt hafa.

Tillögur um árgjöld ásamt fjárhagsáætlun skal stjórn ráðsins leggja fyrir aðalfund.

Gjalddagi árgjalda er 10.júlí. Aðildarfélög sem skulda árgjöld tveggja ára falla út af aðildaskrá.

6.gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

7.gr.

Aðalfund skal að jafnaði halda í maí ár hvert og fer hann með æðsta vald Öldrunarráðs Íslands. Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar ~~skulðlausa~~ aðila, ~~auk þess og~~ beir ~~aðrir sem stjórnin býður, svo sem fyrverandi~~ stjórnarmenn ~~sem ekki eru lengur fulltrúar og hafa þeir málfrælsi og tillögurétt.~~

Aðalfund skal ~~biðaboða~~ skriflega með a.m.k. ~~einhálf~~ mánaðar fyrirvara og er hann löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagsskrá aðalfundrar skal vera Dagskrá aðalfundar:

1. Nafnakall fulltrúa með atkvæðisrétt.
2. Lögð fram skýrsla stjórnar og nefnda um starfsemi ráðsins ásamt endurskoðuðum reikningum þess.
3. Skýrsla Rannsóknarsjóðs lögð fram.
4. Lögð fram tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs og aðildargjöldum.
5. Lagabreytingar.
6. Lagðar fram tillögur/eða ályktanir er borist hafa.
7. Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Önnur mál.

8.gr.

Aðalfundur kýs ~~9 manna~~ stjórn Öldrunarráðs Íslands, ~~er skal skipuð 9 mönnum.~~

Kjörgengir eru þeir einir, ~~sem rétt eiga til nefndir eru~~ til setu á aðalfundi, af aðilum Öldrunarráðs.

Kjörtímabil ~~stjórnar~~ stjórnarmanna er 3 ár og er

formaður kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurkosning formanns og stjórnar er heimil í tvö skipti.

Aðalfundur kýs two ~~endurskoð~~ endurskoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir kosnir til þriggja ára.

9.gr.

VerkefniHlutverk stjórnar Öldrunarráðs Íslands er að annast málefni ráðsins milli aðalfunda.

Stjórninni

er heimilt að ráða starfsmann.

Stjórnin kveður alla aðila Öldrunarráðs til fundar eigi sjaldnar en einu sinni ári auk aðalfundar.

Skylt er að kveðja til fundar ef 1/3 aðilahluti félagsmanna óskar þess,sbr.5.gregr.,eða ef 2

stjórnarmenn æskja þess

skriflega,enda sé fundarefni tilgreint.

10.gr.

Innan Öldrunarráðs Íslands starfa eftirtaldar nefndir:

I. Fraðslunefnd er skipuleggur ráðstefnur og námskeið í samráði við stjórn ráðsins.

II. Aðrar nefndir skv. Ákvörðun aðalfundar.

Stjórn Öldrunarráðs skipar fastanefndir til tveggja ára.

Greint er frá starfsemi nefndanna í skyrslu stjórnar til aðalfundar ár hvert.

10.gr. 11.gr.

Öldrunarráð hefur til ráðstöfunar sjóð til eflingar rannsókna í öldrunarmálum,Rannsóknarsjóð Öldrunarráðs Íslands. Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar Öldrunarráðs en stjórnin kýs dómnefnd þriggja manna til þess að leggjasem leggur mat á styrkbeiðnir. Um starfsemiStarfsemi sjóðsins er byggð á skipulagsskrá sem samþykkt var á aðalfundi Öldrunarráðs 5. Október15. október 1992 og verður henni einungis breytt á aðalfundi.

11.gr.

Lögum bessum verður einungis breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn fyrir 1. apríl og skal hún senda þær með fundarboði. Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

12.gr.

Lögum bessum má breyta á aðalfundi. Tillögu um að leggja Öldrunarráð niður er eingöngu hægt að leggja fyrir aðalfund og skal hún berast stjórn fyrir 1. febrúar. Verði tillagan samþykkt með ¾ hlutum atkvæða á aðalfundi, enda sitji a.m.k. ¾ hlutar atkvæðisbærra fulltrúa fundinn skal halda aukaaðalfund innan briggja mánaða til endanlegrar ákvörðunar. Verði samþykkt að leggja Öldrunarráð niður með ¾ hlutum atkvæða á aukaaðalfundi, skal fundurinn ákveða hvernig skuli ráðstafa eignum Öldrunarráðs. Þá skal taka sérstaklega ákvörðun um það hver skuli taka að sér rekstur og úthlutun styrkja úr rannsóknarsjóði. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn fyrir 1.mars

~~og skal hún senda þær með fundarboði. Tillögur stjórnar um lagabreytingar skulu birtar á sama hátt. Til lagabreytinga þarf 2/3 greiddra atkvæða.~~

13. fr.

~~Leggist starfsemi Öldrunarráðs niður skulu eигur þess skiptast til aðila í samræmi við hlutfall þeirra af árgjöldum. Gögn Öldrunarráðs Íslands verða í vörslu Rauða kross Íslands uns starfsemi ráðsins eða samtaka með hliðstæð verkefni hefst að nýju.~~

Skipulagsskrá Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands

1.gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands.

2.gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Öldrunarráðs Íslands 27. september 1991 með gjöf frá Líknarsjóði Íslands að fjárhæð kr.822.507,10 átta hundruð tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar. Auk þess telst til stofnfjár gjöf frá Öldrunarráði Íslands að fjárhæð kr.200.000,- tvö hundruð þúsund krónur. Stofnfé sjóðsins telst vera kr.1.022.507.10-ein milljón tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru önnur framlög, gjafir og áheit sem honum kunna að berast, vextir auk tekna af fjároflun, sem stjórn sjóðsins efnir til.

4.gr.

Allar gjafir, framlög og áheit skal færa í sérstaka gjafabók.

5.gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og önnur þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Úthlutað er úr sjóðnum 29. október ár hvert, fyrsta sinn 1993. Umsóknarfrestur um styrkveitingar er til 1.júlí ár hvert. Auglýsa skal eftir styrkbeiðnum með tveggja mánaða fyrirvara.

6.gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða meðan sjóðurinn stafrar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að áskotnast má nota samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

7.gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Öldrunarráðs Íslands á hverjum tíma og varsla sjóðseigna í hennar höndum.

8.gr.


Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og annarra reikninga Öldrunarráðs Íslands og endurskoðendur þeir sömu og annast endurskoðun reikninga ÖÍ.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðbók fyrir sjóðinn þar sem bókaðar eru allar kvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þ.á.m. niðurstöður reikninga hans.

9.gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir undir nafni hans með öðrum reikningum Öldrunarráðs Íslands.

Reykjavík , 15 október 1992
Stjórn Öldrunarráðs Íslands



Óldrunarráð Íslands

Hrafnista Laugarási Brúnavegur 13 104 Rvk sími 585-9502

Ársreikningur 2011

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Skýrsla og áritun stjórnar

Markmið Öldrunarráðs Íslands er að bæta lífsaðstöðu aldraða.

Tap varð af rekstri ráðsins á árinu 2011 að fjárhæð 427 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikning. Höfuðstóll ráðsins nam í árslok 4.492 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011, ásamt efnahagsreikningi fyrir Rannsóknarsjóð Öldurnarráðs Íslands, og staðfest þá með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Kópavogi, 22. maí 2012.

Pétur Magnússon, formaður

Berglind Magnúsdóttir, varaformaður

Dagmar Huld Matthíasdóttir, gjaldkeri

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaður skoðunarmenn Öldrunarráðs Íslands höfum yfirfarið ársreiknings ráðsins fyrir árið 2011 án athugasemda.

Kópavogi, 22. maí 2012.

Ásgeir Ingvarsson

Jóhann Árnason

Rekstrarreikningur

	2011	2010
Rekstrartekjur		
Árgjöld.....	916.100	916.100
Vaxtatekjur.....	76.456	199.838
Seðilgjöld.....	7.250	7.139
	999.806	1.123.077
Rekstrargjöld		
Auglýsingar.....	215.692	162.524
Heimasíða.....	72.808	0
Banka- og þjónustukostnaður.....	12.145	9.250
Fjármagnstekjuskattur.....	14.901	35.349
Fundir.....	169.950	218.100
Ráðstefna.....	168.480	0
Rannsóknarsjóður.....	0	92.304
Erlend samskipti.....	168.857	201.250
Styrkir.....	0	100.000
Blaðaútgáfa.....	500.000	0
Annar kostnaður.....	103.995	35.155
	1.426.828	853.932
(Tap) hagnaður ársins	(427.022)	269.145

Efnahagsreikningur 31.12.2011

Eignir

	Skýr.	2011	2010
Ógreidd félagsgjöld.....	2	148.900	46.800
Handbært fé.....	3	4.343.762	5.074.210
Eignir samtals		<u>4.492.662</u>	<u>5.121.010</u>

Eigið fé og skuldir

Höfuðstóll frá fyrra ári.....		4.919.684	4.650.539
Afkoma ársins.....	(427.022)	269.145
Eigið fé samtals		<u>4.492.662</u>	<u>4.919.684</u>

Ógreitt til Rannsóknarsjóðs, styrkur.....		0	100.000
Ógreitt til Rannsóknarsjóðs.....		0	92.304
Ógreitt þjónustugjald banka.....		0	9.022
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>201.326</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.492.662</u>	<u>5.121.010</u>

Skýringar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

	2011	2010
2. Ógreidd félagsgjöld		
Frá árinu 2009.....	15.600	15.600
Frá árinu 2010.....	15.600	31.200
Frá árinu 2011.....	<u>117.700</u>	<u>0</u>
	<u>148.900</u>	<u>46.800</u>
3. Handbært fé		
Bankareikningur 117-05-65355.....	131.118	130.185
Bankareikningur 314-26-589.....	621.487	943.960
Bankareikningur 314-13-300432.....	<u>3.591.157</u>	<u>4.000.065</u>
	<u>4.343.762</u>	<u>5.074.210</u>

Rannsóknarsjóður ÖÍ

Efnahagsreikningur 31.desember 2011

EIGNIR:

Inneignir í bönkum	9.843.169
Eignir samtals	<u>9.843.169</u>

EIGIÐ FÉ:

Stofnfé: 10.292.197

Styrkur endurgreiddur	
Styrkur í sjóðinn	
Vaxtatekjur	188.715
Fjármagnstekjuskattur	-37.743
Banka- og þjónustukostnaður	
Veittir styrkir	<u>-600.000</u>

Eigið fé samtals 9.843.169

Öldrunarráð Íslands.

Fjárhagsáætlun ársins 2012

<u>REKSTRARTEKJUR:</u>	<u>Áætlun 2012</u>	<u>Ársreikn. 2011</u>	<u>Áætlun 2011</u>
Árgjöld	916.100	916.100	916.100
Vaxtatekjur	75.000	76.456	180.000
Aðrar tekjur (seðilgjöld)	7.250	7.250	7000
	<u>998.350</u>	<u>999.806</u>	<u>1.103.100</u>
<u>REKSTRARGJÖLD</u>			
Auglýsingar	220.000	215.692	170.000
Ferðakostnaður	0	0	0
Banka- og þjónustukostnaður	15.000	12.145	9.000
Fjarmagnstekjuskattur	15.000	14.901	36.000
Annar kostnaður	40.000	103.995	50.000
Fundir	200.000	169.950	200.000
Ráðstefna	200.000	168.480	170.000
Rannsóknarsjóður	0	0	200.000
Styrkir	50.000	0	0
Heimasíða	65.000	72.808	50.000
Blaðið Aldur	0	500.000	500.000
Erlend samskipti	100.000	168.857	200.000
	<u>905.000</u>	<u>1.426.828</u>	<u>1.585.000</u>
Rekstrarniðurstaða	<u>93.350</u>	<u>-427.022</u>	<u>-481.900</u>

